Fundur LS með sjávarútvegsráðherra Kristjáni Þór Júlíussyni

24. janúar 2018



Veiðigjald

LS vekur athygli á að hagnaður á árinu 2015 sem lagður er til grundvallar á útreikningi veiðigjalds er afar misjafn hjá einstökum útgerðarflokkum.

Hagnaður báta <10 brt sem hlutfall af tekjum er aðeins 1%, en 26% hjá ísfisktogurum og aflamarksskipum >10 brt.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Tafla 4. EBT hagnaður fiskveiða 2009-2015. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagur veiða og vinnslu

Hreinn hagnaður EBT m.kr.	Samtals	Bátar undir 10 brl.	Bátar 10-200 brl.	Bátar > 200 brl.	Upp-sjávar-veiðiskip	Ísfisk-togarar	Botn-fiskfrysti-togarar*	Upp-sjávar-frystiskip
2009	10.733	227	-261	154	591	2.837	7.184	
2010	18.617	645	3.808	5.106	1.859	3.330	3.867	
2011	23.218	344	2.428	1.818	3.972	2.216	12.440	
2012	22.119	-284	2.363	2.078	4.523	4.021	4.936	4.482
2013	27.985	-299	4.571	2.993	2.326	4.922	6.000	7.471
2014	14.873	203	3.201	4.103	-869	3.008	2.524	2.703
2015	31.100	71	6.278	7.394	2.662	6.198	7.738	759

***Samtals frystitogarar á árunum 2009-2011**

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Tafla 4. EBT hagnaður fiskveiða 2009-2015. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagur veiða og vinnslu

Hreinn hagnaður EBT m.kr.	Samtals	Bátar undir 10 brl.	Bátar 10-200 brl.	Bátar > 200 brl.	Upp-sjávar-veiðiskip	Ísfisk-togarar	Botn-fiskfrysti-togarar*	Upp-sjávar-frystiskip
2009	10.733	227	-261	154	591	2.837	7.184	
2010	18.617	645	3.808	5.106	1.859	3.330	3.867	
2011	23.218	344	2.428	1.818	3.972	2.216	12.440	
2012	22.119	-284	2.363	2.078	4.523	4.021	4.936	4.482
2013	27.985	-299	4.571	2.993	2.326	4.922	6.000	7.471
2014	14.873	203	3.201	4.103	-869	3.008	2.524	2.703
2015	31.100	71	6.278	7.394	2.662	6.198	7.738	759

*Samtals frystitogarar á árunum 2009-2011

Veiðigjald báta <10 brl. 2017/2018 alls **350** milljónir

Veiðigjald

Smábátaeigendur munu að óbreyttu greiða rúmar 1.400 milljónir í veiðigjald á yfirstandandi fiskveiðiári.

Um 170 milljónir af þeirri upphæð eru vegna vinnslu sem þeir eiga enga aðild að.

Krafa LS er að þessi hluti veiðigjaldsins verði leiðréttur strax.

Veiðigjald

Nauðsynlegt er að koma til móts við útgerðir smábáta með auknum afslætti á veiðigjaldi.

Útgerð þeirra glímir við mikinn rekstrarvanda vegna lægra fiskverðs.

Þorskur og ýsa eru 89% úthlutaðra þorskígilda krókaaflamarksbáta, þar af þorskur 78%.

Veiðigjald

Þorskur	Ýsa	2015	2017	BREYTING
Verð á fisk-mörkuðum	Þorskur	298 kr/kg	237 kr/kg	**-20%**
	Ýsa	306 kr/kg	272 kr/kg	**-11%**
Veiðigjald	Þorskur	13,94 kr/kg	22,98kr/kg	65%
	Ýsa	18,41 kr/kg	26,20 kr/kg	42%
Veiðigjald / fiskverði	Þorskur	4,7%	9,7%	107%
	Ýsa	6,0%	9,6%	60%

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Tillögur

a. Gjaldið verði þrepaskipt þannig að fyrir samanlagðan afla skips að 50 þorskígildistonnum greiðist fjórðungur af fullu veiðigjaldi. Hlutfallið hækki svo með heimildum sem eru umfram ákveðin þrep upp að 2.000 þorskígildum. Fyrir heimildir umfram það magn greiðist álag þannig að gjaldið skili sömu tekjum og gert er ráð fyrir.

b. Afsláttur verði veittur af veiðigjaldi á afla sem seldur er gegnum uppboðskerfi fiskmarkaða.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Lög

um stjórn fiskveiða
með síðari breytingum.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda




Krókaaflamarksbátar - þorskígildahlutdeild 50 stærstu
50%
74%
76%
78%
81%
83%
2013/2014
2014/2015
2015/2016
2016/2017
2017/2018

Veiðigjald

Við endurskoðun laga um veiðigjald telur LS rétt að greiðendur verði greindir í útgerðarflokka sem beri hver og einn sitt veiðigjald.

Við flokkun væri unnið út frá markmiðum laga um stjórn fiskveiða með hliðsjón af stærð skipa, aflasamsetningu, veiðiaðferðum, tengslum við fiskvinnslu, botnfisk- og uppsjávarveiðar.

Strandveiðar

- verði leyfðar 4 daga í viku frá 1. maí til 31. ágúst ár hvert á öllum svæðum án þess að komi til stöðvunar veiða á tímabilinu.
- ufsi skerði ekki aflaviðmið
- sérstakt leyfisgjald kr. 50.000- verði fellt niður
- strandveiðibátum verði heimilt að fá farþegaleyfi samhliða strandveiðileyfi og megi bjóða til sölu ferðir á strandveiðar að uppfylltum öryggiskröfum Samgöngustofu

Strandveiðar

- aflaheimildir til strandveiða verði auknar
- að umframafli á strandveiðum upp að hámarki 60 kg á dag, verði lagður saman í lok mánaðar og komi til frádráttar á 3. sóknardegi næsta mánaðar.
- umframafli á strandveiðum telji ekki til viðmiða við byggðakvóta.
- að strandveiðibátum verði heimilt að veiða kúskel í beitu.

Aflaívilnun

- að línuívilnun verði að hámarki 30% í stað 20% sem nú er
- að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta innan við 30 brl. og að allur fiskur veiddur á línu af dagróðrabátum njóti sömu ívilnunar. Línuveiðar eru umhverfisvænar í samanburði við margar aðrar veiðiaðferðir. Óumdeilt er að olíunotkun er minni en á dregnum veiðarfærum og áhrif á sjávarbotninn eru lítil og áhrif línunnar á önnur sjávardýr eru engin, þ.e.a.s. enginn meðafli sjávarspendýra.

Aflaívilnun

- að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað
- LS skorar á sjávarútvegsráðherra að láta handfærabáta njóta ívilnunar. Handfæri eru með allra vistvænustu veiðarfærum sem fyrirfinnast, mjög lítil olíunotkun á veitt kíló, engin áhrif á botn og önnur botn- og sjávardýr. Fiskur veiddur á handfæri hefur alla möguleika til að vera úrvals hráefni með réttri meðhöndlun

Makrílveiðar

- að 16% af leyfilegum heildarafla á makríl komi í hlut færabáta. Ennfremur að reglugerð um kvótasetningu færabáta sem sett var fyrir 3 árum verði felld úr gildi og veiðar gefnar frjálsar að 16%.

- skorar á stjórnvöld að verði frjálsar handfæraveiðar ekki samþykktar þá verði veiðar gefnar frjálsar norður frá Látrabjargi austur og suður að Eystra Horni.

Makrílafli smábáta og stærri skipa 2010 - 2017

	SMÁBÁTAR	FJÖLDI	HEILDAR-AFLI	HLUTUR SMÁBÁTA
2010	180	11	120.853	0,1%
2011	304	21	153.359	0,2%
2012	1.099	17	145.894	0,8%
2013	4.678	98	137.631	3,4%
2014	7.466	121	153.042	4,9%
2015	3.299	57	147.000	2,2%
2016	8.368	51	155.655	5,4%
2017	4.800	54	158.822	3,0%

Stjórnkerfi fiskveiða

- LS leggst gegn sameiningu króka- og aflamarkskerfis
- öllum hugmyndum um uppboðsleið á aflaheimildum er harðlega mótmælt
- að reglur um VS afla verði færðar til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil
- að strandveiðiafli telji til viðmiðunar til VS heimildar líkt og allur annar afli gerir
- að allar undanþágur til heimavigtunar á bolfiski verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.

Stjórnkerfi fiskveiðar

- að aflaregla verði færð til fyrra horfs, verði 22%
- að skoðuð verði til hlítar sú aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið
- að reglur um tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.
- að óskað verði eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum

Byggðakvóti

- LS krefst þess að allur byggðakvóti verði veiddur í kyrrstæð veiðarfæri af dagróðrarbátum undir 30 tonn að stærð.

Veiðar á síld til beitu

- að heimilaðar verði veiðar á síld og öðru sem til fellur til nýtingar í beitu.

Grásleppuveiðar

- að veiðidagar á grásleppu taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.
- að upphafsdagur grásleppuveiða verði 20. mars á svæði E.
- LS fer þess á leit við starfandi ráðherra hverju sinni að hann vandi vinnubrögð og ákvarðanatöku um lengd veiðitíma á grásleppu, óvönduð vinnubrögð ollu mörgum grásleppuútgerðum tjóni vorið 2017.
- að nýttir veiðidagar á grásleppu séu aðeins þeir dagar sem net eru í sjó.

Grásleppuveiðar

- beinir því til þeirra er málið varðar, að óheimilt er að landa grásleppu af bátum sem ekki hafa leyfi til grásleppuveiða. Ennfremur að utan leyfilegs veiðitíma ber að sleppa allri grásleppu sem veiðist.

- ákvörðun um að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps er harðlega mótmælt.

Botnvarpa og humarveiðar

- að LS er þeirrar skoðunar að banna eigi veiðar með botnvörpu innan 12 mílna vegna áhrifa hennar á lífríkið. Það þykir nokkuð ljóst að verið er að eyðileggja humarmiðin með öflugum togurum og að hluti humarkvótans brennur inni.
- humarveiðar í gildrur verði heimilaðar, samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðssetningu grjótkrabba

Lokun / opnun veiðisvæða

- að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert
- LS leggst alfarið gegn því að opnað verði fyrir dragnóta-veiðar á Skagafirði innan núverandi marka og lokun verði varanleg
- að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa vegna smáfisks á handfæri og línu falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin
- að sjávarútvegsráðherra nemi úr gildi reglugerð nr. 970 frá 13. desember 2010 um bann við línuveiðum á Húnaflóa
- að bannsvæði innan Vestmannaeyja verði opnað fyrir handfæraveiðum

Hvítlúða

- að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Rannsóknir

- LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.

- LS telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Það verður að vera hafið yfir allan vafa að ekki sé um samráð að ræða á milli fiskkaupenda.



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Takk fyrir

